



Heiðurstengt ofbeldi. Hvað er það og hvernig birtist það í vestrænum samfélögum? Samantekt á stöðu þekkingar

Ásta Kristín Benediktsdóttir, félagsráðgjafi MBA, deildarstjóri Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis



Ásta Kristín Benediktsdóttir

Á undanförunum árum hefur fólk af erlendum uppruna sem kys að setjast að í íslensku samfélagi fjölgað mikið. Samfélagið verður æ fjölmenningslegra og því má búast við að fjölskyldur af erlendum uppruna færi nýja siði og venjur með sér til landsins, svo sem í tengslum við samskipti kynjanna, menningu og trúarbrögð. Í vestrænum samfélögum hefur borið á heiðurstengt ofbeldi innan fjölskyldna af erlendum uppruna sem sest hafa að í nýju landi. Ætla má að hið sama gildi hér á landi.

Heiðurstengt ofbeldi í vestrænum samfélögum hefur þó nokkuð verið rannsakað erlendis á undanförunum árum. Rannsakendur hafa aðallega beint sjónum sínum að skilgreiningu á hugtakinu og reynt að skilja rætur ofbeldisins. Ekki hefur verið rannsakað hérlendis hvort heiðurstengt ofbeldi fyrirfinnst í fjölskyldum í íslensku samfélagi. Hugtakið er nýtt í umræðunni meðal félagsráðgjafa og því er fræðilega mikilvægt að varpa ljósi á þýðingu þess með það að markmiði að auka skilning á fyrirbærinu svo félagsráðgjafar og aðrir sem sinna þessum málum séu betur í stakk búnir til að þekkja það, greina og vinna með þolendum. Grein þessi er samantekt um stöðu þekkingar á heiðurstengdu ofbeldi í vestrænum samfélögum. Eftirfarandi rannsóknarspurningar eru settar fram: Hvað er heiðurstengt ofbeldi? Hvernig birtist það í vestrænum samfélögum? Höfundur leitast við að svara þessum spurningum og auka þannig mikilvæga þekkingu meðal félagsráðgjafa á Íslandi.

Greininni er skipt í sex hluta auk inngangs, niðurlags og heimildaskrár. Í fyrsta hluta eru hugtakið heiðurstengt ofbeldi og skyld hugtök útskýrð. Í öðrum hluta er sjónum beint að tengslum milli kynbundins ofbeldis

og heiðurstengds ofbeldis. Þriðji hlutinn fjallar um birtingarmyndir heiðurstengds ofbeldis í vestrænum samfélögum. Fjórði og fimmti hlutinn fjalla annars vegar um tengsl milli heiðurstengds ofbeldis og trúarbragða og hins vegar um hið svokallaða feðraveldi og heiðurstengt ofbeldi. Í sjötta hluta er sjónum beint að því sem rannsóknir hafa sagt um leiðir til að sporna við heiðurstengdu ofbeldi.

Heimildir voru fengnar í gegnum leitarforritið ProQuest. Leitast var við að nota fræðilegar og ritrýndar heimildir. Engar íslenskar heimildir fundust við leit. Heimildanotkun var þeim takmörkunum háð að höfundur rýndi einungis rannsóknir sem birtar hafa verið á ensku og því eru rannsóknir sem birtar hafa verið á öðrum tungumálum, og gætu verið mikilvægt framlag til fræðanna, ekki með í þessari samantekt um stöðu þekkingar.

Hvað er heiðurstengt ofbeldi?

Heiðurstengt ofbeldi (e. honour based violence) er skilgreint sem ofbeldi, líkamlegt, andlegt og/eða félagslegt, sem framið er í kjölfar þess að gerandi ofbeldis telur að þolandi þess hafi vegið að heiðri og orðspori hans eða fjölskyldu hans á einhvern hátt og þar með leitt skömm yfir hann og fjölskyldu hans (Bhanbhro, Cronin de Chavez og Lusambili, 2016).

Rannsakendur eru sammála um að heiðurstengt ofbeldi sé margslungið fyrirbæri sem skoða verði sem flókið samspil margra þátta, þar sem menning, kyn og fólksflutningar koma saman. Það tengist hefðum, viðhorfum og hegðun sem hefur áhrif á viðhorf almennings og stefnu hins opinbera (Mayeda og Vijaykumar, 2016; Sanberg og Janssen, 2018).

Heiður (e. honour eða honor) og skömm (e. shame) eru lykilorð í leit að skilningi á því sem býr að baki heiðurstengdu ofbeldi. Heiður felur í sér viðurkenningu



sem maður ávinnur sér í samfélaginu með virðingu. Orðið tengist öðrum orðum með svipaða merkingu og þýðingu, eins og stolti, álitni, reisu, orðspori og dyggð. Þannig má segja að heiður vísi til hegðunar sem ætlast er til af þegnum ákveðinna þjóðfélagshópa og væntinga um slíka hegðun, meðan skömm er tengd brotum gegn þessum væntingum (Gill, 2014). Heiður snýst einnig um siðferði og má túlka sem almennt fyrirbæri tengt mannlegri þörf fyrir viðurkenningu í félagslegu samhengi. Vegna þessa hafa heiður og venjur tengdar heiðri ólíka merkingu eftir þjóðfélögum og einnig eftir félags- og menningarlegu samhengi. Heiður gegnir lykhillutverki í daglegu lífi margra fjölskyldna og snertir ekki einungis virði einstaklingins og sjálfsmynd hans heldur einnig virði allrar fjölskyldunnar (Björktomta, 2019).

Orðið heiðursglæpur (e. honour crime) er nátegt heiðurstengdu ofbeldi og er það notað í víðri merkingu um glæpsamlegt athæfi gegn fórnarlambi tengt heiðri, oftast, en ekki alltaf, stúlku eða konu. Það sem ein-kennir þessa tegund ofbeldis er hvati gerandans, sem lítur á gjörðir sínar sem bætur fyrir tap á heiðri sem er tilkomið vegna hegðunar þolandans. Gerendur eru venjulega úr fjölskyldum þolandans eða úr því samfélagi sem hún tilheyrir. Þeir ráðast á þolandann á grundvelli menningarlegra hugmynda um það hvað er leyfilegt í slíkum kringumstæðum (Evrópuþingið, 2015).

Heiðursglæpir, heiðurstengt ofbeldi og annað tengt því hefur ekki verið rannsakað hér á landi fram til þessa. Á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu fóru menn að veita heiðurstengdu ofbeldi í vestrænum samfélögum athygli upp úr árinu 2000 í kjölfar morða á sænskum stúlkum af erlendum uppruna sem framin voru af karlkyns ættingja í nafni heiðurs. Birtust fyrstu rannsóknir fljótlega eftir það (Gill, 2014; Mayeda og Vijaykumar, 2016). Rannsóknarvettvangurinn er því tiltölulega ungur.

Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið hefur sjónum einkum verið beint að því að reyna að skilja uppruna og þýðingu hugtaksins. Fræðimenn virðast nokkuð sammála um að heiðurstengt ofbeldi eigi uppruna sinn í menningu þjóðfélagshópa og að hugmyndin um feðraveldi sé þar veigamikill þáttur. Einnig vilja margir rannsakendur halda því fram að líta beri á heiðurstengt ofbeldi sem eina tegund kynbundins ofbeldis, þó að meðal þolenda geti verið ungir karlmenn (Björktomta, 2019; Mayeda og Vijaykumar, 2016; Sedem og Ferrer-Wreder, 2015). Ekki hefur verið sýnt fram á samband heiðurstengds ofbeldis og tiltekinna trúarbragða og því er ekki ástæða til að ætla að þessi

tegund ofbeldis sé af trúarlegum toga (Bhanbhro o.fl., 2016; Dyer, 2015).

Kynbundið ofbeldi og heiðurstengt ofbeldi

Ef heiðurstengt ofbeldi beinist einkum og sér í lagi að stúlkum og konum, hver er þá munurinn á kynbundnu ofbeldi (e. gender based violence) og heiðurstengdu ofbeldi?

Evrópuráðið hefur skilgreint kynbundið ofbeldi sem ofbeldi sem beinist gegn einstaklingi vegna kyns hans. Konur og stúlkur á öllum aldri, óháð samfélögum, eru helstu fórnarlömb kynbundins ofbeldis. Kynbundið ofbeldi getur verið líkamlegt, kynferðislegt og andlegt. Undir það fellur m.a. ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegt ofbeldi (m.a. nauðgun og kynferðisleg áreitni), þrælkun, nauðungarhjónaaband, limlesting á kynfærum, heiðursglæpir, netofbeldi og áreitni með aðstoð tækni (Evrópuráðið, e.d.).

Margar rannsóknir hafa tekist á við spurninguna hér að ofan og eru menn ekki á einu máli um svarið. Sífellt fleiri fræðimenn hallast þó að því að skilgreina megi heiðurstengt ofbeldi sem eina tegund kynbundins ofbeldis (Al Gharaibeh, 2016; Dickson, 2014; Gill, Cox og Weir, 2018) því algengast er að ungar konur og stúlkur séu fórnarlömb heiðurstengds ofbeldis þó að ungir karlmenn og drengir verði einnig fyrir því (Mayeda og Vijaykumar, 2016). Keyhani (2013) er einn þeirra sem telur að flokka megi heiðurstengt ofbeldi sem kynbundið ofbeldi. Hann telur að þar sem heiður og skömm, í þessu samhengi, tengist oftast stúlkum og konum virðist það liggja beinast við að flokka heiðurstengt ofbeldi sem kynbundið ofbeldi, þrátt fyrir að karlmenn og drengir geti einnig verið þolandur.

Ekki eru þó allir á einu máli um þetta, eins og kemur fram í niðurstöðum Bhanbhro og félaga (2016) um stöðu þekkingar á heiðurstengdu ofbeldi. Þau segja að allt bendi til þess að skilgreiningar á heiðurstengdu ofbeldi séu ólíkar eftir samfélögum. Einnig benda þau á að ekki er samstaða meðal fræðimanna um það hvernig þessi tegund ofbeldis greinir sig frá öðru ofbeldi, auk þess sem ekki hafa komið fram kenningarleg sjónarhorn sem dýpka skilninginn á fyrirbærinu. Þau komast hins vegar að þeirri niðurstöðu að ástæður fyrir ofbeldinu megi finna í kynbundnum og félagslegum ójöfnuði.

Gill hefur rannsakað og skrifað um heiðurstengt ofbeldi. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að skoða heiðurstengt ofbeldi ekki bara út frá menningu, þjóðerni eða trú heldur að skoða þetta flókna fyrirbæri sem eina af birtingarmyndum ofbeldis gegn konum (Gill, 2014).

Birtingarmyndir heiðurstengds ofbeldis í vestrænum samfélögum

Hvort svo sem þessi tegund ofbeldis er skilgreind sem undirflokkur kynbundins ofbeldis eða ekki er ljóst að mikill fjöldi kvenna, stúlkna og drengja verður fyrir ofbeldi sem framið er í nafni heiðurs. Sameinuðu þjóðirnar áætla að allt að 5000 konur og stúlkur séu myrtar í heiminum á ári hverju í nafni heiðurs (Mannfjöldastofnun sameinuðu þjóðanna, 2000) en heiðursmörð (e. honour killing) er alvarlegasta birtingarmynd heiðurstengds ofbeldis. Erfitt er að áætla umfang og fjölda tilvika heiðurstengds ofbeldis og heiðursmörða bæði í Evrópu og annars staðar í heiminum þar sem tilkynningar til lögreglu eru fáar og tilviljunarkenndar, ekki síst vegna þess að bæði karlmenn og konur í fjölskyldum reyna að hylma yfir heiðursglæpi (Evrópuþingið, 2015; Gill, 2014; Keyhani, 2013) og upplýsingum um heiðursglæpi er ekki safnað með kerfisbundnum hætti af yfirvöldum sem slíkum heldur eru þeir skráðir sem heimilisofbeldi, slys eða sjálfsvíg (Al Gharaibeh, 2016).

Þrátt fyrir að erfitt sé að áætla umfangið er vitað að meirihluti fórnarlamba heiðurstengds ofbeldis er konur, þ.e. stúlkur og ungar konur, þó dæmi séu um að ungir karlmenn og drengir séu einnig fórnarlömb. Rannsóknir hafa sýnt að gerendur eru oftast karlkyns ættingjar, bræður og feður, en konur, mæður og tengdamæður eru líka gerendur (Al Gharaibeh, 2016; Gill, 2014; Mayeda og Vijaykumar, 2016). Nýleg rannsókn Bates (2018) á hlutverki kvenna í heiðurstengdu ofbeldi sýnir að mæður og tengdamæður eru oftast þátttakendur í heiðurstengdu ofbeldi en annarri tegund ofbeldis. Sýnt hefur verið fram á að mæður beita dætur sínar andlegu ofbeldi og stjórnun og tengdamæður beita tengdadætur sínar auk þess einnig líkamlegu ofbeldi.

Í samfélögum þar sem samfélagsleg gildi eru tengd heiðri er heiður lagður að jöfnu við kynhneigð kvenna (Gill, 2014). Heiður er tengdur við karlmennsku en gildi kvenna og stúlkna eru tengd við hugsanlega skömm. Ef kona fer yfir þau mörk sem gilda í fjölskyldu hennar, til dæmis með því að tala við ókunnugan karlmann, klæða sig á óviðeigandi hátt, stunda kynlíf utan hjónabands eða vera ótrú eiginmanni sínum, hefur hún vegið að heiðri fjölskyldunnar og skaðað orðstír (karlkyns) fjölskyldumeðlima (Mayeda og Vijaykumar, 2016).

Í fjölskyldum þar sem heiður er í hávegum hafður er ætlast til að karlmenn haldi uppi heiðri fjölskyldunnar með því að tryggja að konurnar „þeirra“ valdi fjölskyldunni ekki skömm. Í fjölskyldum sem fylgja stífum

hugmyndum um heiður og skömm er það ekki bara eiginmaðurinn sem má refska konunni heldur einnig faðir hennar, bróðir og frændi. Þar sem heiður er eitt-hvað sem fjölskyldan sameinast um er endurheimt heiðurs einnig sameiginleg. Konur, einkum mæður og tengdamæður, eru því einnig gerendur í heiðurstengdu ofbeldi, aðallega með því að fylgjast með hegðun, beita útilokun og breiða út illt umtal (Bates, 2018; Mayeda og Vijaykumar, 2016).

Þvingað og neikvætt félagslegt taumhald (e. coercive and negative social control) er einn þáttur í heiðurstengdu ofbeldi og sá þáttur sem er algengastur en jafnframt oftast hulinn og jafnvel viðurkenndur sem þáttur í menningu og venjum viðkomandi fjölskyldu. Þvingað taumhald einkennist af stjórnun gerenda, aðallega karla, á þolendum, konum, með hótunum, eftirliti, stýringu og þvingunum. Þolandinn hlýðir af ótta við afleiðingar þess að standast ekki kröfurnar sem gerðar eru til hans (Mayeda, Cho og Vijaykumar, 2019).

Rannsóknir (Björktomta, 2019; Blum, Braiden og Heinonen, 2016; Mayeda o.fl., 2019) sýna að birtingarmyndir heiðurstengds ofbeldis eru að ýmsu leyti frábrugðnar annarri tegund ofbeldis, svo sem heimilisofbeldi. Heiðurstengt ofbeldi í vestrænum samfélögum birtist í þvinguðu og neikvæðu félagslegu taumhaldi gerandans á þolandanum. Dæmi um slíkt er krafan um um skilyrðislausu hlýðni og skírlífi dætra vegna heiðurs fjölskyldunnar. Skilyrðislaus virðing fyrir föður veitir viðurkenningu hans ef dóttirin hagar sér „rétt“ en þögn reiði hans, líkamstjáníng og reiðilegur svipur fylgir ef svo er ekki og í kjölfarið fylgir sektarkennd og skömm. Einnig birtist ofbeldið í takmörkuðu frelsi til félagslegrar virkni, m.a. með skertu fjárræði viðkomandi, stjórn á vinavali, frítíma, snjallsíma- og internetnotkun, fatavali og notkun á snyrtivörum. Andlegt ofbeldi birtist í orðum, þögn, aðfinnslum um hegðun og niðurlægingu, brotum á friðhelgi, einangrun, beinum og óbeinum hótunum um líkamsmeiðingu og dráps-hótunum. Einnig birtist það í hótunum um líkamlegar refsingar af hendi föður eða bróður við óhlýðni eða brotum á gildum fjölskyldunnar sem talin eru ógna heiðri og orðstír (Al Gharaibeh, 2016; Bhanbhro o.fl., 2016).

Þó að flestir þolendur heiðurstengds ofbeldis séu ungar stúlkur og konur eru dæmi um að ungir karlmenn verði fyrir þessari tegund ofbeldis. Ástæður þess geta m.a. verið val þeirra á kærustu, neitun þeirra við því að ganga í skipulagt hjónaband, samkynhneigð eða að þeir neita að taka þátt í heiðurstengdum ofbeldisverkum (Gill, 2014). Birtingarmynd heiðursglæpa



getur einnig verið brottnám, limlestingar, barsmíðar eða jafnvel sýruárásir, þar sem öfgafyllstu dæmin enda í heiðursmörðum (Evrópuþingið, 2015) en heiðursmörð er alvarlegasta birtingarmynd heiðurstengds ofbeldis þar sem fórnarlambið sem er myrt af fjölskyldumeðlim fyrir gjörðir sínar hefur, að mati fjölskyldunnar, kallað skömm yfir ættingja sína (Al Gharaibeh, 2016).

Eru tengsl milli heiðurstengds ofbeldis og trúarbragða?

Eru tengsl milli heiðurstengds ofbeldis og trúarbragða, sér í lagi Íslams? Í úttekt Bhanbhro og féлага (2016) á stöðu þekkingar á heiðurstengdu ofbeldi kemur fram að vestrænir fréttamiðlar ýta undir þá trú að heiðurstengt ofbeldi eigi rætur að rekja til trúarlegra skoðana, og þá sér í lagi Íslams. Í úttektinni komast þau hins vegar að þeirri niðurstöðu að það séu litlar sem engar sannanir fyrir tengslum þar á milli og að heiðurstengt ofbeldi megi finna meðal allra trúarbragða og menningarheima. Frekar megi rekja heiðurstengt ofbeldi til samfélaga þar sem menning er m.a. tengd feðraveldi, kynbundnu óréttlæti og ströngum félagslegum hindrunum hvað varðar samskipti kynjanna. Al Gharaibeh færir einnig rök fyrir því að ekki séu tengsl milli heiðurstengds ofbeldis og Íslams. Hann skoðaði tengsl heiðurstengdra morða við Íslam og múslímsk samfélög (2016) og komst að því að það væri ekkert í kóraninum sem ýtti undir þessa tegund glæpa, heldur þvert á móti að Íslam líti á allt líf manneskjunnar sem heilagt. Hann telur miklu frekar að glæpir og morð tengd heiðri eigi sér eldri rætur aftur í ættbálka- og feðraveldi þar sem fastmótuð og hefðbundin heimssýn í samspili við trúarbrögð og lög hefur áhrif á það hvernig ofbeldið er réttlætt.

Undir þetta tekur Keyhani (2013) í grein sinni og bendir á að umfjöllun fjölmiðla þar sem ýjað er að tengslum heiðurstengds ofbeldis við trúarbrögð sé líkleg til að valda reiði og andúð með óæskilegum afleiðingum. Afleiðingar geti annars vegar falist í því að minnihlutahópar einangri sig frekar frá vestrænni menningu til að vernda venjur sínar og siði og hins vegar í því að íhaldssamar raddir vestrænna samfélaga fái byr undir báða vængi varðandi, að því er þeim finnst, siðferðilega yfirburði vestrænnar menningar.

Feðraveldi og heiðurstengt ofbeldi

Bent hefur verið á nokkra þætti tengda uppruna heiðurstengds ofbeldis. Þar er einn helsti þátturinn menning og ákveðin viðhorf, en einnig sjálfsmýnd einstaklinga og félagsleg útilokun (e. social exclusion) innan og utan samfélags. Þessir þættir ráða mismunandi viðhorfum

til heiðurs og því hversu mikilvægur hann er fyrir viðkomandi (Bhanbhro et al., 2016). Þannig má segja að vestræn menning ýti undir sjálfstæði einstaklingsins og tilkall hans til réttar síns, það er einstaklingshyggju, meðan menning þar sem feðraveldi (e. patriarchy) er við lýði hallist frekar í þá átt að sjálfsmýnd og virði einstaklinga mótist af félagslegum öflum þar sem heiður og virðing eru lykilþáttur (Sedem og Ferrer-Wreder, 2015).

Segja má að feðraveldi sé samfélagsgerð eða -form þar sem litið er á ættföður eða föður í fjölskyldu sem hæstaráðanda og að hann hafi vald til að ráða yfir eiginkonu og börnum í fjölskyldunni. Þetta form á sér djúpar rætur í viðkomandi samfélagsgerð og er kerfi sterkra gilda og hefða sem ýta undir og styðja vald karla (Bates, 2018; Sedem og Ferrer-Wreder, 2015). Fræðimenn hafa fært rök fyrir því að tengja megi heiðurstengt ofbeldi við hið svokallaða feðraveldi og því eigi heiðurstengt ofbeldi rætur að rekja í kerfi gilda og hefða innan fjölskyldna (Dickson, 2014). Þeir sem tengja heiðurstengt ofbeldi við kenningar um feðraveldið halda því fram að karlkyns innflytjendur sem búa í hinum vestræna heimi verði fyrir fordómum og missi þá stöðu sem þeir höfðu í heimalandinu hvað varðar virðingu, atvinnu og fjárhag. Þeir kunni að líta á heiðurstengda ofbeldið sem lið í að endurheimta stöðu sína og virðingu (Mayeda og Vijaykumar, 2016). Öðrum finnst þetta heldur einföld skýring og segja að þó heiðurstengt ofbeldi sé vissulega birtingarmynd ákveðinnar tegundar feðraveldis og tengist yfirráðum karla til að halda konum niðri komi ýmsar birtingarmyndir feðraveldis fram í allri menningu, einnig hinni vestrænu. Vegna þessa er mikilvægt að beina ekki sjónum eingöngu að þeim þáttum menningar sem ekki eru vestrænir (Bhanbhro o.fl., 2016; Mayeda og Vijaykumar, 2016).

Að þessu sögðu má álykta að þó ákveðnar menningarlegar rætur og samfélagsgerð geti ýtt undir að heiðurstengt ofbeldi og þvingað taumhald sé samþykkt í fjölskyldum, sé ekki hægt að segja að heiðurstengt ofbeldi eigi rætur í tilteknum þjóðernishópum eða í tiltekinni trú. Hins vegar er mikilvægt að reyna að skilja samspil félagslegra, sögulegra og menningarlegra þátta til að geta dregið úr og komið í veg fyrir heiðurstengt ofbeldi.

Hvernig er hægt að sporna við heiðurstengdu ofbeldi?

Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að horfa á heiðurstengt ofbeldi sem heilbrigðisvandamál á heimsvísu frekar en að líta á það sem vandamál tengt tiltekinni

menningu. Þessi ályktun er dregin vegna þess að þeir sem verða fyrir heiðurstengdu ofbeldi, í hvaða mynd sem það er, eru í aukinni hættu á að þróa með sér líkamlega og andlega sjúkdóma (Bhanbhro o.fl., 2016; Björk-tomta, 2019). Með auknum fólksflutningum í heiminum samtinnast ólíkir menningarheimar. Fólk lagar sig að og tekur upp nýja siði en um leið heldur það í venjur sem eru kannski ekki samþykktar í nýju landi. Heiðurstengt ofbeldi á sér rætur í menningu margra þjóða og því ber að líta á það sem alheimsfyrirbæri (Bhanbhro o.fl., 2016). Heiðurstengt ofbeldi fyrirfinnst ekki bara hjá fyrstu kynslóðar innflytjendum. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var á heiðurstengdu ofbeldi í Bretlandi sýna fram á að slíkt ofbeldi fyrirfinnst hjá þriðju og fjórðu kynslóð innflytjenda sem hafa alist upp og hlotið menntun sína þar (Keyhani, 2013). Konur og stúlkur af erlendum uppruna sem hafa lítið félagslegt net eru sérstaklega viðkvæmur hópur og í raun oft hjargarlaus (Mayeda og Vijaykumar, 2016).

Í nýlegri eigindlegri rannsókn Mayeda og féлага (2019) á heiðurstengdu ofbeldi meðal stúlkna af asískum uppruna á Nýja Sjálandi kemur fram að sterkt taumhald og ofbeldi sem þátttakendur urðu fyrir og tengdist heiðri fjölskyldu þeirra birtist aðallega í því hvernig þær voru gerðar háðar eiginmanni og fjölskyldu og þurftu að lúta stjórn hans í allri ákvarðanatöku. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að erfitt sé að ætla að breyta venjum fjölskyldna heldur verði að grípa inn í með almennri fræðslu og umræðu um þvingað taumhald og heiðurstengt ofbeldi í skólum og á opinberum vettvangi. Keyhani (2013) tekur í sama streng og bendir á mikilvægi þess að setja fram opinbera stefnu til að sporna við heiðurstengdu ofbeldi og hvetja til vitundarvakningar til að breyta viðhorfum með til dæmis fræðslu og upplýsingagjöf á öllum skólastigum með valdeflingu að leiðarljósi. Einnig telur hann mikilvægt að auka fræðslu fyrir fagfólk og lögreglu um heiðurstengt ofbeldi. Síðast en ekki síst bendir hann á hlutverk fjölmiðla í vitundarvakningu og umfjöllun um heiðurstengt ofbeldi þar sem rödd þolendanna fái að heyrast.

Félagsráðgjafar eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að bera kennsl á og styðja konur og börn sem verða fyrir og/eða eru að flýja heiðurstengt ofbeldi. Þau sem komast undan ofbeldinu upplifa einangrun, einmanaleika og að menningarlegum rótum þeirra sé kipt undan þeim. Dýpri þekking á því sem kallar fram heiðurstengt ofbeldi er því nauðsynleg til að vernda konur og börn í minnihlutahópum af erlendum uppruna (Dickson, 2014; Sanberg og Janssen, 2018).

Heiðurstengt ofbeldi er rannsóknarvettvangur sem hefur verið settur á jaðarinn, ekki síst þar sem fyrirbærið er flókið, snertir kyn, menningu, kynþátt, fólksflutninga og samþættingu þjóðernishópa (Mayeda og Vijaykumar, 2016). Mikilvægt er því að nálgast það út frá þverfaglegu sjónarhorni þar sem gefinn er gaumur að fjölmörgum orsökum og gripið til margvíslegra úrræða bæði með inngripum sem hafa gagnast og eru líkleg til árangurs (Gill, 2014; Gill o.fl., 2018). Að sporna við heiðurstengdum glæpum er áskorun fyrir félagsráðgjafa sem vinna með börnum og fjölskyldum af erlendum uppruna. Skilningur á því sem býr að baki heiðurstengdu ofbeldi krefst þess að félagsráðgjafar séu menningarnæmir. Það krefst þess að þeir reyni að breyta kerfum, stuðli að breyttum viðhorfum til heiðurs, hlutverks kynjanna og jafnréttis kynjanna (Al Gharaibeh, 2016).

Niðurlag

Grein þessari er ætlað að vera samantekt um stöðu þekkingar á heiðurstengdu ofbeldi. Í inngangi voru settar fram tvær rannsóknarspurningar: Hvað er heiðurstengt ofbeldi? Hvernig birtist það í vestrænum samfélögum? Leitast hefur verið við að svara þessum spurningum hér að framan með því að rýna í og bera saman fræðilegar og ritrýndar heimildir sem birtar hafa verið um efnið.

Fræðimenn sem rannsakað hafa heiðurstengt ofbeldi skilgreina það sem ofbeldi, líkamlegt, andlegt og/eða félagslegt, sem framið er í kjölfar þess að gerandi ofbeldis telur að þolandi þess hafi vegið að heiðri hans og orðstír hans eða fjölskyldu hans á einhvern hátt og þar með kallað skömm yfir hann og fjölskyldu hans.

Í þeim rannsóknum sem höfundur skoðaði við gerð úttektar þessarar var sjónum einkum beint að því að varpa ljósi á uppruna og þýðingu hugtaksins heiðurstengds ofbeldis. Fræðimenn virðast nokkuð sammála um að heiðurstengt ofbeldi eigi uppruna sinn í menningu þjóðfélagshópa og að hugmyndin um feðraveldi sé þar veigamikill þáttur. Einnig er því haldið fram að líta beri á heiðurstengt ofbeldi sem hluta af kynbundnu óréttlæti og ströngum félagslegum hindrunum hvað varðar samskipti kynjanna. Ekki hefur verið sýnt fram á tengingu heiðurstengds ofbeldis við tiltekin trúarbrögð og því er ekki ástæða til að ætla að þessi tegund ofbeldis sé af trúarlegum toga.

Samkvæmt rannsóknum er erfitt að áætla umfang heiðurstengds ofbeldis, hvort sem er í Evrópu eða annars staðar í heiminum. Þrátt fyrir það er vitað að meirihluti fórnarlamba heiðurstengds ofbeldis er konur, þ.e. stúlkur og ungar konur, þó dæmi séu um



að ungir karlmenn og drengir séu einnig fórnarlömb. Rannsóknir hafa auk þess sýnt að gerendur eru oftast karlkyns ættingjar, feður, bræður og frændur, en konur, mæður og tengdamæður eru líka gerendur.

Rannsóknir sýna að birtingarmyndir heiðurstengds ofbeldis eru meðal annars skilyrðislaus hlýðni þolanda og takmarkað frelsi til félagslegrar virkni, sem birtist m.a. í stjórn á fjármálum viðkomandi, vinavali, frítíma, snjallsíma- og internetnotkun, fatavali og notkun á snyrtivörum. Andlegt ofbeldi birtist í orðum, þögn, að gera lítið úr hegðun og í niðurlægingu.

Að þessu sögðu má álykta að þó ákveðnar menningarlegar rætur og samfélagsgerð geti ýtt undir að heiðurstengt ofbeldi og þvingað taumhald sé samþykkt í fjölskyldum sé ekki hægt að segja að heiðurstengt ofbeldi eigi rætur í tilteknum þjóðernishópum eða í tiltekinni trú. Hins vegar er mikilvægt að reyna að skilja samspil félagslegra, sögulegra og menningarlegra þátta til að geta dregið úr og komið í veg fyrir heiðurstengt ofbeldi. Í því sambandi er mikilvægt að líta á heiðurstengt ofbeldi sem heilbrigðisvandamál. Niðurstöður rannsókna benda til þess að nauðsynlegt sé að setja fram opinbera stefnu auk þess að grípa inn í með almennri fræðslu og umræðu um þvingað taumhald og heiðurstengt ofbeldi og jafnframt hvetja til vitundarvakningar til að breyta viðhorfum.

Niðurstaða samantektar þessarar er sú að rannsakendur eru sammála um að heiðurstengt ofbeldi í vestrænum samfélögum sé margslungið fyrirbæri sem skoða verði sem flókið samspil margra þátta, þar sem menning, kyn og fólksflutningar koma saman. Það tengist hefðum, viðhorfum og hegðun sem hefur áhrif á viðhorf almennings og stefnu hins opinbera.

Heimildaskrá

Al Gharaibeh, F. M. (2016). Debating the role of custom, religion and law in 'honour' crimes: Implications for social work. *Ethics & Social Welfare*, 10(2), 122–139. doi:http://dx.doi.org/10.1080/17496535.2016.1155632

Bates, L. (2018). Females perpetrating honour-based abuse: controllers, collaborators or coerced? *Journal of Aggression, Conflict and Peace Research*, 10(4), 293–303. doi:10.1108/JACPR-01-2018-0341

Bhanbhro, S., Cronin de Chavez, A. og Lusambili, A. (2016). Honour based violence as a global public health problem: A critical review of literature. *International Journal of Human Rights in Health Care*, 9(3), 198-215. doi:10.1108/Ijhrh-10-2015-0032

Björktomtá, S.-B. (2019). Honor-based violence in Sweden – norms of honor and chastity. *Journal of Family Violence*, 34(5), 449–460. doi:http://dx.doi.org/10.1007/s10896-019-00039-1

Blum, E., Braiden, R. og Heinonen, T. (2016). Service delivery considerations in dealing with honour-based violence. *Canadian ethnic studies*, 48(3), 129–148. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1891439365?accountid=27513>

Dickson, P. (2014). Understanding victims of honour-based violence. *Community Practitioner*, 87(7), 30–33. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1558988125?accountid=27513>

Dyer, E. (2015). 'Honour' Killings In The UK. The Henry Jackson Society. Sótt af <http://henryjacksonsociety.org/wp-content/uploads/2015/01/Honour-Killings-in-the-UK.pdf>

Evrópuráðið. (e.d.). *What is gender-based violence?* Sótt af https://ec.europa.eu/info/policies/justice-and-fundamental-rights/gender-equality/gender-based-violence/what-gender-based-violence_en

Evrópuþingið. (2015). *Combating 'honour' crimes in the EU: European Union*. Sótt af [http://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2015/573877/EPRS_BRI\(2015\)573877_EN.pdf](http://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2015/573877/EPRS_BRI(2015)573877_EN.pdf)

Gill, A. K. (2014). Introduction: 'Honour' and 'honour'-based violence: Challenging common assumptions. Í A. K. Gill, C. Strange og K. Roberts (ritstjórar), *'Honour' Killing & Violence, Theory, Policy & Practice*. Palgrave Macmillan.

Gill, A. K., Cox, P. og Weir, R. (2018). Shaping priority services for UK victims of honour based violence/abuse, forced marriage, and female genital mutilation. *The Howard Journal of Crime and Justice*, 57(4), 576–595. doi:http://dx.doi.org/10.1111/hojo.12287

Keyhani, N. (2013). Honour crimes as gender-based violence in the uk: a critical assessment. *Shaping priority services for UK victims of honourbased violence/abuse, forced marriage, and female genital mutilation*. doi:10.14324/111.2052-1871.010

Mannfjöldastofnun Sameinuðu þjóðanna. (2000). *The State of World Population 2000* nr. ISBN: 0-89714-582-8. Mannfjöldastofnun Sameinuðu þjóðanna., Sótt af https://www.unfpa.org/sites/default/files/pub-pdf/swp2000_eng.pdf

Mayeda, D. T., Cho, S. R. og Vijaykumar, R. (2019). Honor-based violence and coercive control among Asian youth in Auckland, New Zealand. *Asian Journal of Women's Studies*, 25(2), 159–179. doi:http://dx.doi.org/10.1080/12259276.2019.1611010

Mayeda, D. T. og Vijaykumar, R. (2016). A review of the literature on honor-based violence. *Sociology Compass*, 10(5), 353–363. doi:http://dx.doi.org/10.1111/soc4.12367

Sanberg, R. og Janssen, J. H. L. J. (2018). The spectacle of the feminine Other: Reading migrant women's autobiographies about honour-based violence. *Women's Studies International Forum*, 68, 55–64. doi:10.1016/j.wsif.2018.02.002

Sedem, M. og Ferrer-Wreder, L. (2015). Fear of the loss of honor: Implications of honor-based violence for the development of youth and their families. *Child & Youth Care Forum*, 44(2), 225–237. doi:http://dx.doi.org/10.1007/s10566-014-9279-5